


Fylgiskjal V: Lýsing á uppruna, eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar út í andrúmsloftið, vatn eða jarðveg, og greinargerð um áhrif losunar á umhverfið:

Tilvísun til III. kafla, 10.2.e. greinar reglugerðar 785/1999 m. Breytingum 849/2000, 47/2001, 105/2004 og 1077/2055 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun („Lýsing á uppruna, eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar út í andrúmsloftið, vatn eða jarðveg, og greinargerð um áhrif losunar á umhverfið“).

Eðli rekstarins er á þá vegu að engin losun út í andrúmsloftið mun eiga sér stað né verða nokkrar leifar losaðar út í grunnvatn eða komið í jörðu. Eina losun efnaleifa sem verður til, er þegar lífrænum efnum sem eiga upptök sín í fóðrun fisks (þ.e.a.s. saur og fóðurleifar) verður beint í gegnum bunustokk Reykjanesvirkjunar út í sjó. Það vatn, sem rennur í gegnum fiskeldisstöðina, er súrefnisbætt, og á upptök sín úr sjótökuholum, sem boraðar hafa verið niður á töluvert dýpi í hrauninu á landinu. Vegna hinnar náttúrulegu síunar eru því engar svifagnir í því vatni. Vatnið rennur á u.þ.b. einni klukkustund í gegnum fiskeldið, þaðan sem það rennur í gegnum bunustokk út í haf. Vegna þess hversu ört er skipt um vatn í fiskeldisstöðinni og einnig vegna sérstaklega góðrar fóðurnýtingu, þá mun fiskeldið sjálft einungis auka magn svifagna¹ um 1 til 5 mg/l og vatnið sjálft er súrefnisbætt líkt og vatn er í úthöfum.

¹ Svifagnir eru úrgangur og saur úr kerjum fiskeldisins. Útreikningurinn á svifögnum er byggður á því magni svifagna, sem koma frá sandhverfueldisstöðvum fyrirtækisins á Spáni, sem eru af svipaðri stærð og fyrirhugað fiskeldi við Reykjanesvirkjun.



Gögnin, sem liggja til grunna fyrir myndinni hér að ofan, eru fengin úr sandhverfueldi, sem er af svipaðri stærð og fyrirhugað flúrueldi við Reykjanesvirkjun. Hægt er að álykta að þar sem hlutfall fóðurnýtingar er svipað á senegalflúru og sandhverfu, hvort tveggja eru flatfiskar og einnig þar sem endurnýjun vatns í stöðinni er sú sama, að niðurstöðurnar verði þær sömu fyrir fyrirhugað flúrueldi eins og í sandhverfueldinu hér að ofan. Mælingar sýna breytingu frá inntaki til úttaks, þ.e. neikvæðar mælingar eru mögulegar, t.d. í September, þar sem vatnið var hreinna í úttaki þar sem því var dælt frá stöðinni en við inntak stöðvarinnar vegna mikilla storma á þessum tíma árs.

Í fiskeldinu mun verða til köfnunarefnissambönd sem og fosfór og við notkun almennar reiknisaðferðar, má ætla að framleiðsla nemi milli 56 og 58 kg á tonn af köfnunarefnissamböndum og 7 til 9 kg á tonn af fósfóri².

Gengið er út frá því að áhrif svifagna á strandlengjuna muni vera lítil bæði vegna hinnar miklu blöndunar, sem á sér stað bæði við frárennsli fiskeldisins í bunustokk Reykjanesvirkjunar og við útrennsli til sjávar. Heildarrennsli í bunustokki mun nema 5.600 l/s eftir að frárennsli fiskeldis hefur blandast saman við frárennsli Reykjanesvirkjunar. Hinir sterku hafstraumar, sem eru við þessa brimasömu strandlengju, munu tryggja frekar útpynningu. Það eru því engar líkur á að áætlað magn úrgangsefna geti valdið hættulegri ofauðgun við ströndina.

² Sjá útreikninga fóðurframleiðendans Skretting, „Wastes Summary Iceland“.

Losunarmagn bæði köfnunarefnissambanda sem og fosfórs er tiltölulega lágt, og hafa ber í huga að því er beint út í opið haf. Í tilvikum þar sem köfnunarefnissamböndum og fosfóri er skilað út í lokuð kerfi, eins og t.d. vötn eða ár, þar sem vatnsrennsli er lítið, geta þessi efni haft alvarlegar afleiðingar á vistkerfið með ofvexti vatnagróðurs og fjölgunar þörungum. En eins og fyrr er nefnt, verður frárennsli stöðvarinnar beint út í opið haf.